

Djúpavogshreppur
Bakka 1
765 Djúpvogur

Reykjavík 15. október 2018
UST201809-290/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga – Deiliskipulag fyrir Hamarssel -Djúpavogshreppi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Djúpavogshrepps er barst 24.september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi í landi Hamarssels, Djúpavogshreppi.

Í greinargerð kemur fram að viðfangsefni deiliskipulagsins er að staðsetja þrjá byggingarreiti fyrir tvö 25 m² gistihús sem ætluð eru til útleigu til ferðamanna og viðbyggingu við eldra íbúðarhús, setja fram skilmála um húsgerð, gera tillögu að bílastæðum og göngustígum, jafnframt því að gera grein fyrir lögnum og veitum.

Umhverfisstofnun tekur undir þær hugmyndir, að fella byggingar að landslaginu eins og hægt er, svo að ásýnd svæðisins haldist. Einnig tekur Umhverfisstofnun undir megináherslur skipulagsins eru m.a. að uppbygging rýri ekki staðhætti, landslag og menningarminjar.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það sé nægt rými fyrir aðgengi almennings meðfram læknum þegar byggingar eru staðsettar, svo að útivistargildi skerðist ekki.


Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að forðast rask eins og kostur er við gerð göngustíga og brúa yfir lækinn og bendir á 62. gr, laga nr. 60/2013 um náttúruvernd þar sem fjallað er um vernd bakkagróðurs

Að mati Umhverfisstofnunar er í ofangreindri lýsingu að öðru leyti, gerð grein fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.



Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur